

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 29. september 2015 kl. 13-15.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Edda Kjartansdóttir, Jón Torfi Jónasson, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Umræðuefni

- Hlutverk, ábyrgð, skyldur
- Skipulag og viðfangsefni næsta fagráðsfundar
- Tímasetningar annarra fagráðsfunda
- Starfið framundan
- Undirbúningur að stofnun vinnuhóps um starfsævilanga menntun kennara
- Bréf til norrænu nefndarinnar (sjá tölvupóst frá Jóni Torfa, 16. 9.)
- Önnur mál

Hlutverk, ábyrgð, skyldur

Fólk er að vinna í útdráttum og mun Sólrún setja þá saman í sameiginlegt skjal, inn í rammann. Sólrún er einnig langt komin með að setja umræðupunktana frá Gerðubergsfundi inn í umræddan ramma. Þetta viðfangsefni er mjög mikilvægt í stefnumótuninni. Á fagráðsfundinum 6. október verður þetta meginviðfangsefnið. Við þurfum þá að koma umræðunni skrefi lengra. Hvað vill fagráðið sjálft gera með þetta og hvað leggur það til? Edda og Sólrún tóku að sér að skipuleggja umræðuna á fagráðsfundinum í þessum anda.

Skipulag og viðfangsefni næsta fagráðsfundar

Viðfangsefni næsta fagráðsfundar var ákveðið:

- Staða vinnunnar og starfið framundan
- Lokaskýrsla – uppbygging og efnisatriði
- Tímamörk vinnuþátta og tímasetningar fagráðsfunda
- Hlutverk, ábyrgð og skyldur – umræða um afstöðu fagráðsins

Undir fyrsta lið yrði sagt frá vinnuhópi sem ætlað er að fjalla um kennaramenntun. Aðalheiður fylgir úr hlaði.

Tímasetningar annarra fagráðsfunda


Rætt um að næsti fundur fagráðs væri fyrsti fundurinn í endalok núverandi fagráðs. Ágætt væri að sjá fyrir sér vinnuna framundan og setja hana í samhengi við fundarhöld fagráðsins. Stýrihópurinn talaði sig niður á eftirfarandi:

Fundur 6. okt: efnisyfirlit skýrslu, vinna með hlutverk, ábyrgð, skyldur... > seinni hluta nóvember: mótun stefnunnar > fyrri hluta janúar: drög liggja fyrir > seinni hluti febrúar: skýrsla langt komin, farið yfir texta > mánaðamót feb/mars: afhending

Sólrún mun minna fagraðið á fund í fagraði 6. október og mun í leiðinni senda út fyrirspurn um heppilegar tímasetningar fagraðsfunda. Á grunni svara frá fólki mun hún svo negla niður dagsetningar fyrir fundina og þær verða svo tilkynntar á fagraðsfundinum

Starfið framundan

Rætt var um starfið framundan og í því samhengi var rífaður upp stefnumótunarrammi sem skoða má á vinnusvæði fagraðsins á vefnum. Einnig var þessi mynd dregin upp sem endurspeglar vinnuna og samhengi hlutanna. Undirverkefni skjóta stóðum undir stefnumótunarráttun, sem síðan leiðir til skýrslu sem verður lokaafurð fagraðsins.



Til útskýringar:

Gular blöðrur vísa til þess sem er búið eða er í gangi, grænar til þess sem eftir er að gera.

RHA: Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri

vh: vinnuhópur

fr: fagrað

sth: stýrihópur

op.f.: opinn fundur

>>: stefnumótun

Rætt var um að gott væri að unnið væri upp efnisyfirlit m.a. út frá stefnumótunarrammanum og það ásamt þessari mynd gæti stutt við umræðu á fagraðsfundinum. Sigurjón lýsti hugmyndum sínum um að skýrslan væri þannig uppbyggð að í fremsta hluta hennar væri stefnan sjálf,

tillögur fagráðsins og framtíðarsýn, en seinni hlutar hennar innihéldu meira rökstuðning og frekari umfjöllun.

Undirbúningur að stofnun vinnuhóps um starfsævilanga menntun kennara

Aðalheiður og Jón Torfi kynntu undirbúning sinn vegna vinnuhóps um kennaramenntun og lögðu fram plagg til skoðunar. Það fékk góðar undirtektir. (Sjá fylgiskjöl). Kallað hefur verið eftir viðbrögðum frá skólastjórnendum og kennurum við þessum áformum. Ákveðið var að í þessum vinnuhópi verði einn fulltrúi ráðuneytisins, einn fulltrúi sambandsins, tveir frá KÍ (fulltrúi stjórnenda og kennara) og þrír frá háskólunum. Ljóst er að Svanhildur og Aðalheiður verða fyrir KÍ, Þórður mun kanna málið innan sambandsins, Sigurjón mun kanna málið í ráðuneytinu og Jón Torfi mun verða í hópnum fyrir HÍ og mun verða í sambandi við HA og LhÍ um mönnun frá þeim.

Bréf til norrænu nefndarinnar

Jón Torfi gerði drög að spurningum til norrænu fulltrúanna sem voru hér á landi nýlega og fulltrúar fagráðsins hittu á fundi. Sigurjóni og Sólrúnu var falið að ákveða framhaldið.

Önnur mál

Aðalheiður sagði frá alþjóðadegi kennara, 5. september, og dagskrá sem verður af hans tilefni á Grand hóteli. Yfirskriftin er *Samfélagsmiðlar og kennsla*. Þar munu flytja erindi: Sólveig Jakobsdóttir, Ingvi Hrannar Ómarsson og Ægir Árnason.

Sólrún Harðardóttir tók punkta